

11. ágúst 2023



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu



SÓKNARÁÆTLUN
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Fréttatilkynning vegna Loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins.

Sameiginleg loftslagsstefna fyrir höfuðborgarsvæðið formlega undirrituð – stefnt skal að kolefnishlutleysi árið 2035.



Frá undirritun Loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins í dag. Frá vinstri: Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavíkurborgar, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Kjósarhrepps, Almar Guðmundsson bærarstjóri Garðabæjar, Regína Ásvaldsdóttir bærarstjóri Mosfellsbæjar og formaður stjórnar SSH, Þór Sigurgeirsson bærarstjóri Seltjarnarnesbæjar, Ásdís Kristjánsdóttir bærarstjóri Kópavogsbæjar, Rósa Guðbjartsdóttir bærarstjóri Hafnarfjarðarbæjar og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH).

Borgarstjóri og bæjarstjórar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu ásamt framkvæmdastjóra SSH undirrituðu formlega loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins í dag. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vilja með stefnunni leggja sitt að mörkum með innleiðingu markvissra aðgerða sem stuðla að kolefnishlutleysi höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægasta afurð stefnunnar er því yfirlit aðgerða sem eru líklegar til að skila árangri í baráttunni við loftslagsbreytingar. Aðgerðirnar snúa m.a. að vegasamgöngum, siglingum, staðbundinni orkunotkun, iðnaði, efnanotkun, úrgangsmálum og landnotkun. Með stefnumótuninni lýsa sveitarfélögin yfir þeim vilja sínum að höfuðborgarsvæðið verði kolefnishlutlaust árið 2035, þ.e. að þá verði reiknuð heildarlosun gróðurhúsalofttegunda ekki meiri en sem nemur reiknaðri bindingu kolefnis.

Í tengslum við stefnuna hafa SSH undirritað samkomulag við umhverfis-, orku- og auðlindaráðuneytið í þeim tilgangi að fylgja loftslagsstefnunni eftir, m.a. með ráðningu ráðgjafa til þess að aðstoða sveitarfélögin við að móta aðgerðir til samræmis við verkfærakistu loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins. Þá verður samkvæmt samkomlaginu unnið nýtt mat á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingar kolefnis á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2023. Losun var síðast metin árið 2019 og er tilgangur nýrrar útektar sá að fylgjast með einstökum losunar- og bindingarpáttum og meta árangur aðgerða. Hafa SSH gert samning við VSÓ ráðgjöf til að sinna ofangreinum verkþáttum.

Samkvæmt Páli Björgvini Guðmundssyni framkvæmdastjóra SSH er það stór áfangi í samstarfi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem mynda eitt búsetu- og atvinnusvæði að sameiginleg stefna í loftslagsmálum liggi fyrir. Það sé sameiginleg ábyrgð sveitarfélaga á svæðinu að stuðla að því að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda en á sama tíma sé innleiðing stefnunnar á ábyrgð hvers sveitarfélags fyrir sig til samræmis við staðbundnar aðstæður. Jafnframt séu verkefni unnin á sameiginlegum vettvangi, s.s. þegar kemur að samgöngu- og úrgangsmálum.

Loftslagsstefna höfuðborgarsvæðisins er áhersluverkefni Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020-2024 og eru verkefni fjármöggnuð með framlagi ríkisins, einstakra ráðuneyta og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Nánari upplýsingar auk loftslagsstefnunnar sjálfar er að finna á heimasíðu SSH, www.ssh.is, eða hjá Páli Björgvini Guðmundssyni framkvæmdastjóra SSH í síma 821-8179.